

**Félagið Villikettir kt. 710314-1790, óskar eftir lóðarskika undir færánleg smáhýsi til að hýsa starfssemi félagsins.**

Félagið Villikettir kemur að björgun mörg hundruð katta á hverju ári og er með samning við Hafnarfjarðarbæ um að hlúa að og sinna villi- og vergangsköttum í bænum. Okkur vantar sárlega húsnæði til að hýsa kisu í neyð, kisu í heimilisleit, villikisu eftir geldingu, litla kettlinga og kettlingafullar læður. Félagið er nánast eingöngu rekið af sjálfbóðaliðum og góðvild almennings.

Félagið Villikettir var stofnað snemma árs 2014 og starfar á landsvísu. Markmið félagsins er að stemma stigum við fjölgun villi- og vergangskatta með því að nota aðferð sem kölluð er TNR – Trap Neuter Return sem er alþjóðlega viðurkennd aðferð til að stemma stigum við fjölgun villikatta á mannúðlegan hátt. TNR snýst um að fanga villiketti í fellibúr, fara með þá til dýralæknis og láta gelda/taka úr sambandi, og skila þeim svo aftur út á þann stað sem þeir voru fangaðir á. Þar er svo hlúð að þeim eftir bestu getu með daglegum matargjöfum og skjóli. Villikettirnir fá þannig að ljúka æviskeið sínu við þær aðstæður sem þeir fæddust í, þeir sinna þar mikilvægu hlutverki við að halda burtu nagdýrum. Allir kettlingar sem finnast úti eru fangaðir, þeir „mannaðir“ eins og við köllum það þegar við venjum þá við mannfolk og heimili, og þeim er svo fundið framtíðar heimili.

Sl. 2 ár hefur félagið vaxið mikið og verkefnin verið gríðarstór. Við höfum ekki einungis sinnt því að fanga-gelda-skila villiköttum, heldur höfum við komið að mjög stórum verkefnum þar sem bjarga þurfti kisu úr afar slæmum aðstæðum af heimilum. Samtals björguðum við 300 kisuflum úr þessum aðstæðum og fundum þeim ný heimili.

Við erum núna húsnæðislaus og því gríðarlega mikilvægt að okkur takist að finna okkur varánlegt húsnæði undir starfsseminum.

Við vorum með söfnun á Karolínafund árið 2017 fyrir húsnæði, við stefnum á að kaupa 2 færánleg smáhýsi undir starfsseminum og því leitum við til Hafnarfjarðar um afnot af lóð undir þessi smáhýsi. Lóðin sem við höfum í huga þarf að vera í jaðri byggðar, iðnaðarhverfi eða þar sem lítið ber á.  
<https://www.karolínafund.com/project/view/1840>

Dæmi um smáhýsin sem við höfum áhuga á að kaupa:

<https://www.husa.is/um-okkur/um-vorur/einingahus/ferdathjonustuhus/>

<http://landshus.is/um-husin/>

Með von um góðar undirtektir,

**Stjórn Villikatta [www.villikettir.is](http://www.villikettir.is)**

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir formaður

Arndís Kjartansdóttir ritari

Fjóra Haraldsdóttir gjaldkeri

Áslaug Eyfjörð meðstjórnandi

Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir meðstjórnandi